


## HEIMIR

vitið og samúð svaf. —  
 Ristu, deigðum brandi' í báli,  
 brynu guðs úr dvala-stáli  
 mannanna beztu ástum af.

Dóu sælt, þó sæust eigi. —  
 Sólskins-von er segri degi,  
 Birtan, sem að sé á vegi  
 Yfir um hvol og hvamm. —  
 Gleði' í hægðum hjarta-taugum,  
 hetju-ljóni í brostnum augum  
 deyjandi upp í dagsbrún fram.

5.—5.—12.

STEPHAN G. STEPHANSSON.



## ÆSKA.



Æska og fullorðinsár eru mjög oft vorin saman. Það er lang almennast að skoða æskuna sem þann hluta mannsæfina, sem er einkendur af draumum og laus við alla þá varfærni, sem reynsla og þekking á lífinu kenna mönnum að nota. Fullorðinsárin, astur á móti, eru skoðuð sem sá hluti æfina, er allar fyrirætlanir eru komnar í fast horf og maðurinn hefir lært að meta alla hluti rétt og skynsamlega. Orðin "að komast til vits og ára" benda á, að hinn almenni skilningur hafi verið, að þetta tvent færi saman; árir færi mönnanum einhverja sanna lífsspeki, sem æskuna skorti svo tilfinnanlega.

Petta almenna álit er mjög ónákvæmt, eins og flest almenn álit. Það er ekki nærri alt af að æskan, þau árin, er maðurinn er að færast af barnsaldrinum yfir á fullorðinsaldurinn, er tíma-bil drauma og óvarfærnar framsóknar. Og ekki er það heldur